

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna Flensborgarhafnar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 6. maí 2026 breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar. Breytingin felst í að gert er ráð fyrir nýrri uppbyggingu á svæðinu fyrir verslun, þjónustu og íbúðarbyggð. Siglingaklúbburinn, Íshúsið og Fornubúðir 8-12 verði áfram á sínum stað. Ný gata, Flensborgarstræti, liggur í gegnum svæðið.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 8. júní 2026.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 23. júní 2026